

Smíðjuvegi 68-70
200 Kópavogi
Sími 510 1500
Fax 510 1509

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/731
komudagur 14.1.2003



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Nefndarsvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2003010001

216 Nefndir - samr.

2. janúar 2003

Málefni: Umsögn um mál 46: breiðbandsvæðing landsins.

Með tilvísan til bréfs yðar dagsettu 11. desember sl, þar sem óskað er umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar um þingsályktunartillögu um breiðbandsvæðingu landsins.

Nokkuð er á reiki hérlendis hvað er átt við með breiðbandi. Almenn talið er breiðband þýðing á enska orðinu "broadband". Hins vegar vill svo óheppilega til að Landssími Íslands hf hefur gefið tiltekinni vöru sinni nafnið Breiðband, sem réttilega ætti þá að kalla Breiðband Landssíma Íslands til aðgreiningar frá hinni almennu merkingu. Þessu til viðbótar er skilgreining á hinu almenna hugtaki breiðband einnig á reiki erlendis svo og hvaða þjónusta er veitt eða hægt að veita á breiðbandstengingu.

Hér verður miðað við að með breiðbandstengingu er átt við tengihraða við gagnaflutningsnet sem er 256 kbs eða meiri. Samkvæmt upplýsingum frá Landssíma Íslands er áætlað að allir byggðakjarnar á landinu með meira en 500 íbúa muni eiga möguleika á breiðbandstengingu fyrir lok fyrsta ársfjórðungs 2003. Því má gera ráð fyrir að um 90% landsmannageti nýtt sér breiðbandstengingu frá þeim tíma. Jafnframt er talið ólíklegt að um frekari uppbyggingu breiðbandsteninga verði að ræða á grundvelli þess að það teljist vera fjárhagslega hagkvæmt, miðað við núverandi tækni. Ef litið er til nágrannalandanna þá kemur í ljós að staða þessara mála hérlendis er góð. Sjá til dæmis kynningu fyrir norrænu ráðherranefndinni frá október 2002.

Í núverandi lögum um fjarskipti nr 110/1999 er kveðið á um að gagnaflutningsþjónusta allt að 128 kbs skuli vera hluti af alþjónustu. Með alþjónustu er átt við þjónustu sem eitt eða fleiri símafélög veita um allt land á sama verði, án tillit til þess hvort afhending þjónustunnar sé fjárhagslega hagkvæm í öllum tilfellum, t.d. vegna landfræðilegra aðstæðna. Í drögum að nýju frumvarpi að fjarskiptalögum er notað orðalagið "gagnaflutningsþjónusta á bitahraða sem gerir mögulegan nothæfan Internetaðgang, með hliðsjón af ráðandi tækni í höndum notenda". Það er síðan alltaf álitamál hver er talinn vera "nothæfur" hraði í þessu sambandi. Samkvæmt núverandi lögum er hann 128 kbs, en samkvæmt drögum að hinu nýja frumvarpi má e.t.v líta á ákvörðun um þennan hraða sem stjórnvaldsákvörðun á hverjum tíma. Þeirri ákvörðun fylgir síðan væntanlega kostnaður vegna þess að framkvæmdin er að hluta til talin vera fjárhagslega óhagkvæm. Verði valin sú leið að útfæra kröfu um aukinn hraða með alþjónustukvöð, þá eru ákvæði í fjarskiptalögum (og frumvarpi) um fjármögnun, sem í raun dreifa kostnaðinum af þessari þjónustu á alla símnotendur. Í þessu sambandi ber þó að hafa í huga að í tilskipunum Evrópusambandsins eru settar skorður við því hvaða kvaðir er heimilt að útfæra sem alþjónustu. Til dæmis er "nothæfur Internetaðgangur" almennt túlkaður sem 56 kbs í þessu



samhengi í löndum Evrópusambandsins. Því er ekki sjálfgefið og í raun ólíklegt að íslenskum stjórnvöldum sé heimilt að nota alþjónustu-leiðina í þessu sambandi.

Önnur leið er hins vegar fær. Hún er sú að stjórnvöld ráðstafi fé til breiðbandsvæðingar landsins. Síðan yrði tilteknum aðila falin framkvæmdin. Afar sennilegt verður að teljast að slík ráðstöfun falli undir ákvæði laga um opinber útboð. Hvor leiðin verður fyrir valinu veltur einnig á þáttum eins og vilja stjórnvalda til að stuðla að aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaði með því að gefa öllum markaðsaðilum kost á að leggja fram lausnir sínar á jafnræðisgrundvelli. Sú leið að undanþyggja Landssíma Íslands arðgreiðslum til að standa straum af uppbyggingu breiðbandsins verður tæplega talin stuðla að aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaðinum.

Stofnunin tekur ekki efnislega afstöðu til þess hvort og þá hvenær hækka eigi lágmarks mörk tengihraða við gagnaflutningsnet. Þó er bent á að ADSL þjónusta með 256 kbs tengihraða eða meiri er vinsæl hérlendis og er áætlað að um 20% landsmanna nýti sér slíka þjónustu. Því verður að teljast líklegt að krafa um slíkan lágmarkshraða gerist æ háværi hjá þeim sem ekki eiga þess kost að nýta sér slíka þjónustu. Jafnframt er rétt að benda á að þróun tengimála er ör og eftir fáein ár er líklegt að lágmarkstengihraði verði 5-10 sinnum meiri en sá hraði sem algengastur er í dag. Því er mikilvægt að ákvarðanir þær sem teknar eru hvað varðar lágmarks tengihraða vísi til framtíðar í þessu ljósi.

Virðingarfyllt,

Hrafnkell V. Gíslason
forstjóri